

STJÓRNARTÍÐINDI B 69 – 1990

22. nóvember 1990

1211

Nr. 444

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 586, 19. desember 1989,
um veiðar á úthafsrækju.**

1. gr.

2. og 3. mgr. 4. gr. orðist svo:

Velji loðnuskip botnfiskeiðileyfi skal því auk aflamarks í botnfiski úthlutað rækjuaflamarki er nemur 1 lest af rækju fyrir hverjar 4 lestir af botnfiskaflamarki skips í þorskígildum talið.

Velji loðnuskip rækjuveiðileyfi skal því úthlutað sama rækjuaflamarki og skipinu var úthlutað 1989 auk 10% viðbótar skv. rg. nr. 336/1990 eða viðbótar er nemur 1 lest af rækju fyrir hverjar 4 lestir af botnfiskaflamarkskosti skips í þorskígildum talið hvort sem herra reynist. Að auki skal þessum skipum úthlutað 90 lestum af botnfiski í þorskígildum talið, er skiptist á einstakar tegundir að vali viðkomandi útgerðar.

2. gr.

2. og 3. málslíður 4. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Botnfiskaflamark þetta skal þó aldrei vera lægra en 165 lestir í þorskígildum talið fyrir skip skv. 1. og 2. tl. og 85 lestir fyrir skip skv. 3. og 4. tl. 2. mgr. þessarar greinar. Útgerðir skipa sem sæta lágmarksaflamarki af botnfiski skulu velja hvernig það skiptist á einstakar tegundir.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990 öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. nóvember 1990.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.

20. nóvember 1990

Nr. 445

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um fólksbifreiðar, sem notaðar eru til
leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 308/1989.**

1. gr.

3. tl. 8. gr. reglugerðar nr. 308/1989 orðist svo:

Á félagssvæði Bílstjórafélags Akureyrar, sem er Akureyri. Hámarkstala er 25 fólksbifreiðar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 77/1989 um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 20. nóvember 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Elín Helgadóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám Hitaveitu Akureyrar og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Hitaveitu Akureyrar og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, er taki gildi 1. desember 1990:

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 417, 25. október 1990:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 0,52%

Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, nr. 416, 25. október 1990:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 0,52%

Iðnaðarráðuneytið, 23. nóvember 1990.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um stærð og þyngd ökutækja, nr. 107 26. febrúar 1988.

1. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. bætist: Breidd yfirbyggingar á vörubifreið eða eftirvagni má þó vera allt að 2,55 m.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 75. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. nóvember 1990.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Ólafur W. Stefánsson.